

1990 nr. 43 16. maí**[Lög um lánasýslu ríkisins]¹⁾**¹⁾ L. 138/2007, 10. gr.

Tóku gildi 22. maí 1990. Breytt með l. 83/1997 (tóku gildi 6. júní 1997), l. 138/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ [[Ráðherra]¹⁾ fer með lántökur ríkissjóðs og ríkisstofnana innan lands og utan, útgáfu og sölu ríkisskuldabréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð, svo og endurlán lánsfjár, ríkisábyrgðir og Ríkisábyrgðasjóð.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 139. gr. ²⁾ L. 138/2007, 1. gr.**■ 2. gr.**

□ [Lánasýsla ríkisins skal stefna]¹⁾ að eftirfarandi meginmarkmiðum:

1. Halda erlendum og innlendum vaxta- og fjármagnskostnaði ríkisins í lágmarki.

2. Dreifa gengis-, vaxta- og verðlagsáhættu vegna skulda ríkisins á sem hagkvæmasta hátt.

3. Draga úr áhættu ríkissjóðs vegna ábyrgða og endurlána.

4. Efla markað fyrir ríkisverðbréf á innlendum fjármagnsmarkaði með kynningu og þjónustu.

5. Efla lánstraust íslenska ríkisins á erlendum lánsfjármörkuðum og bæta þannig lánskjör þjóðarinnar erlendis.

¹⁾ L. 138/2007, 2. gr.**■ [3. gr.]¹⁾**

□ [Ráðherra]²⁾ semur fyrir hönd ríkissjóðs um lán, endurlánar fé og veitir ábyrgðir . . . ³⁾ innan heimilda sem Alþingi veitir hverju sinni.

□ [Ráðherra]²⁾ er heimilt í nafni ríkissjóðs að taka lán og endurlána fé í stað sjálfskuldarábyrgðar ríkissjóðs skv. 1. mgr., að hluta eða öllu leyti, enda sé það fyrirkomulag tryggara fyrir ríkissjóð.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 126/2011, 139. gr. ³⁾ L. 138/2007, 4. gr.**■ [4. gr.]¹⁾**

□ [Ráðherra]²⁾ fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að endurfjármagna innlendar og erlendar skuldir fyrir gjalddaga þegar hagstæðari kjör bjóðast. Einnig er [ráðherra]²⁾ heimilt að

taka fyrir hönd ríkissjóðs erlend skammtímalán til endurgreiðslu áður tekinna erlendra skammtímalána eða breyta sömu skammtímaskuldum í föst lán.

□ [Ráðherra]²⁾ er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að selja ríkisvixla á innlendum markaði til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvixla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi hans í Seðlabankanum.

□ Enn fremur er [ráðherra]²⁾ fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að breyta gjaldmiðlum og/eða vaxtakjörum á erlendum lánnum með sérstökum samningum, enda felist ekki nýjar lántökur í slíkum breytingum.

□ [Ráðherra]²⁾ skal árlega upplýsa Alþingi um notkun þessara heimilda.

□ Heimilt er að kveða nánar á um ákvæði þessarar greinar í reglugerð.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 126/2011, 139. gr.**■ [5. gr.]¹⁾**

□ [Ráðherra]²⁾ skal hafa eftirlit með lántökum aðila sem ríkisábyrgðar njóta á skuldbindingum sínum og vera ráðgefandi um skuldstýringu þeirra.

□ Skylt er þeim aðilum, er hyggjast taka lán erlendis og ríkisábyrgðar njóta á erlendum skuldbindingum, að kynna þau áform sín fyrir [ráðherra]²⁾ og leita eftir fyrir fram samþykki á þeim kjörum og skilmálum sem þeir hyggjast semja um.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 126/2011, 139. gr.**■ [6. gr.]¹⁾**

□ Heimilt er að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd . . . ²⁾ lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála, svo og önnur verkefni sem [[ráðherra]³⁾ fer með samkvæmt lögum þessum]²⁾ eftir því sem hagkvæmt þykir.

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 7. gr. ³⁾ L. 126/2011, 139. gr.**■ [7. gr.]¹⁾**

□ Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara . . . ²⁾ má setja með reglugerð.³⁾

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr. ²⁾ L. 138/2007, 8. gr. ³⁾ Rg. 237/1998.**■ [8. gr.]¹⁾**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 138/2007, 3. gr.**■ [Ákvæði til bráðabirgða.**

□ [Ráðherra]¹⁾ tekur við almennum réttindum og skyldum Lánasýslu ríkisins og við samningum við þriðja aðila eftir því sem við getur átt samkvæmt ákvæðum laga þessara.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 139. gr. ²⁾ L. 138/2007, 9. gr.